

294. fundur Skipulags- og umhverfissráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4, mánudaginn 15. apríl 2024 og hófst hann kl. 17:00.

Fundinn sátu:

Guðmundur Ingbór Guðjónsson formaður, Sædís Alexía Sigurmundsdóttir varaformaður, Anna Sólveig Smáradóttir aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Halla Marta Árnadóttir skipulagsfulltrúi, Lárus Ársælsson umhverfisstjóri og Anna María Þráinsdóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Halla Marta Árnadóttir, Skipulagsfulltrúi.

Fyrir tekið:

1. 2304154 - Deiliskipulag Jaðarsbakkar og frumhönnun

Kynning á stöðu vinnu við skipulag fyrir Jaðarsbakkasvæðið.

Undir þessum dagskrálið sátu Guðmunda Ólafsdóttir, Heiðar Mar Björnsson, Eggert Hjelm Herbertsson og Eyjólfur Gunnarsson.

Farið yfir drög af deiliskipulagi Jaðarsbakka. KFÍA óskar eftir frekari rýni á helstu atriðum skipulagsins með stjórn félagsins.

Skipulags- og umhverfissráð felur skipulagsfulltrúa vinna málið áfram.

2. 2203198 - Brekkubæjarskóli - endurbætur 1. hæðar

Verkefnastjóri fer yfir stöðu framkvæmda við Brekkubæjarskóla.

Skipulags- og umhverfissráð þakkar góða yfirferð á stöðu framkvæmda í Brekkubæjarskóla.

3. 2309257 - Grundaskóli C-álma framkvæmd

Verkefnastjóri fer yfir stöðu framkvæmda í Grundaskóla

Skipulags- og umhverfissráð þakkar góða yfirferð á stöðu framkvæmda í Grundarskóla. Ráðið stefnir að vettvangsskoðun á næsta fundi ráðsins og verður bæjarfulltrúum boðið með.

4. 2306198 - Deiliskipulag Akraneshöfn

Skipulagslýsing fyrir breytingu á deiliskipulagi Akraneshafnar vegna stækkunar. Lýsingin var auglýst með fresti til að skila inn umsögnum til 9. apríl 2024 í gegnum skipulagsgátt Skipulagsstofnunar. Umsagnir lagðar fram.

Skipulagsfulltrúi lagði fram umsagnir sem komu við skipulagslýsingu. Skipulagsfulltrúa falið að vinna málið áfram.

5. 2404003 - Sólskáli hönnun - fyrirspurn arkitektanema

Fyrirspurn Arkitektanema, Kára Arnarsson og Brynjar Magnusson um uppsetningu á sólstofu á Akranesi fyrir almenning. Óskað er eftir fjárveitingu og heimild til byggingar.

Skipulags- og umhverfissráð þakkar fyrir skemmtilega og frumlega hönnun en því miður getur ráðið ekki orðið við erindinu að svo stöddu. Ráðið bendir á hugmyndasöfnun Okkar Akranes sem opnað verður fyrir öðru hvoru megin við áramót 2024-2025.

6. 2308070 - Endurgerð gatna 2024

Staða á endurgerð gatna og viðhaldi gatna.

Skipulags- og umhverfissráð leggur til að hækka fjárfestingaliðinn viðhald gatna um 70.000.000 kr. meðal annars vegna ástands Akranesvegur og felur sviðsstjóra að taka tillit til þess í endurskoðun á fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun.

7. 2401389 - Úrgangspjónusta - Útboð 2024-2030 (sorp)

Vegna breytingar á sorpflokkun í haust, þá þarf að útvega um 2500 sorpílát fyrir heimilin, þar ef um helming tvískipt. Drög að útboðsgögnum fyrir innkaup á sorpílátum kynnt.

Skipulags- og umhverfissráð samþykkir útboðsgögn á sorpílátum vegna breytinga á sorphirðu sveitarfélagsins í haust.

8. 2403147 - Skipulagsgátt - framleiðsla rafeldsneytis á Grundartanga mál til umsagnar

Óskað eftir umsögn varðandi framleiðslu rafeldsneytis á Grundartanga. Framkvæmdin er á vegum Qair og felst í framleiðslu vetnis og ammoníaks til að nota í orkuskiptum í stað jarðefnaeldsneytis.

Skipulags- og umhverfissráð samþykkir fyrirbyggjandi greinargerð skipulagsfulltrúa með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar.

9. 2309268 - Fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2024 - 2027

Staða Fjárfestingaráætlunar 2024 kynnt.

Sviðsstjóri fór yfir stöðu fjárfestinga- og framkvæmdaráætlun 2024- 2027. Málið tekið fyrir að nýju á næsta fundi.

10. 24042212 - Kvörtun - Tjaldsvæðið Akranesi

Ábending um ástand á tjaldsvæði.

Skipulags- og umhverfissráð felur garðyrkjustjóra að koma með tillögur um lagfæringar á svæðinu.

11. 2301247 - Suðurgata 57 - gamla Landsbankahúsið

Framtíð fasteignar við Suðurgötu 57.

Skipulags- og umhverfissráð felur sviðsstjóra að vinna gögn vegna sölu á fasteign við Suðurgötu 57.

Fyrir liggur samþykkt í bæjarráði um eftirfarandi nálgun á verkefninu:

Auglýst verði eftir áhugasömum aðilum til uppbyggingar og til að efla miðbæjarstarfsemi og mannlíf.

- Suðurgata 47 verði hluti af útboðs/hugmyndar ferlinu.
- Við yfirferð tilboða/hugmynda verði horft annars vegar til verðs og hins vegar til hugmyndar og uppbyggingu á reitnum.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 21:00.